

AUGLÝSING

um stöðvun strandveiða á svæði A, frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Frá og með 13. júlí 2010 eru strandveiðar bannaðar á svæði A, frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps, sbr. 1. staflið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 384, 3. maí 2010, um strandveiðar fiskveiðiárið 2009/2010.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í reglugerð nr. 384, 3. maí 2010, um strandveiðar fiskveiðiárið 2009/2010, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2010.

F. h. r.

Hrefna Gísladóttir.

Hrefna Karlsdóttir.